

TILLÖGUR LAGÐAR FRAM VIÐ FYRRI UMRÆÐU BÆJARSTJÓRNAR UM FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2025.

Tillaga Samfylkingarinnar

Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar leggur til að á árinu 2022 hefji bæjarstjórn formlega fundi með stjórnnum hverfafélaga sem starfa í bænum. Þá bjóði bærinn aðstoð sína við að stofna slík samtök þar sem þau hafa ekki þegar verið stofnuð, í samræmi við lið 2.a. i og ii í Lýðræðisstefnu bæjarins. Fundað yrði a.m.k. árlega með hverri stjórn. Þá auglýsi bæjarstjórn almenna fundi í hverfum bæjarins a.m.k. árlega þar sem sérstaklega yrðu tekin fyrir málefni sem tengjast viðkomandi hverfi og brenna á íbúum.

Tillögunni verði vísað til Lýðræðis- og mannréttindanefndar með drögum að fjárhagsáætlun til umræðu og afgreiðslu.

Rökstuðningur: Tilgangur þessarar tillögu er að auka lýðræðislegt samtal og samráð bæjaryfirvalda við bæjarbúa í samræmi við Lýðræðisstefnu bæjarins sem kveður á um samstarf og samtal í lið 2. A.